

Nd.

421. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna þilplötur o. fl. úr íslenzku torfi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi um næstu 15 ár til þess að vinna þilplötur, byggingarpappa og tréni (sellulose) úr íslenzku torfi.

Einkaleyfi þetta getur Kaupfélag Eyfirðinga framselt til félags, sem stofnað kann að verða fyrir tilhlutun þess, í þeim tilgangi að hagnýta einkaleyfið. Óheimilt er þó að framselja einkaleyfið nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til.

2. gr.

Meðan leyfistiminn stendur, er öllum óheimilt að nema torf hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr því til sölu framleiðsluvörur þær, sem 1. gr. ræðir um. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 500—20000 kr., er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti innan 3 ára, eða falli framleiðslan niður um jafnlangan tíma, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.